

Skaftárhreppur
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustur

Umhverfisstofnun
Áb. _____
01. des. 2011
8.14.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. nóvember 2011
Tilvisun: UST20110100052/edk

Frestun álagningar dagsektra

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 1. nóvember 2011 þar sem áformaðar voru dagsektir á Skaftárhrepp frá og með 23. nóvember vegna of háls lífræns kolefnis (TOC) í útblæstri sorporkustöðvar sveitafélagsins og vegna of lágs útblásturshraða frá stöðinni. Svarbréf frá Skaftárhreppi barst 16. nóvember og þar kemur fram að lífrænt kolefni verði mælt á ný í nóvember og í tölvupósti dags. 24. nóvember er staðfest að mæling fari fram 29. nóvember og von sé á niðurstöðum í fyrri hluta desember.


Útblásturshraði sorporkustöðvar Skaftárhrepps mældist 4,8 m/s í janúar sl. en skal skv. ákv. 3.10 í starfsleyfi vera minnst 20 m/s. Í sjónarmiðum rekstraraðila kemur fram að útblásturshraði sé háður því hvernig stöðin er sett upp af framleiðanda og því sé ekki hægt að breyta með góðu móti og að ekki hafi áður borist athugasemdir frá Umhverfisstofnun varðandi þetta á þeim 10 árum sem stöðin hefur verið starfrækt. Einnig kemur fram að starfsleyfi stöðvarinnar gildi til desember 2012 og að Skaftárhreppur hyggist þá sækja um endurnýjun starfsleyfis og geri ráð fyrir að fara í endurbætur á stöðinni í samræmi við kröfur nýs starfsleyfis og þá gefist tækifæri til að auka útblásturshraða með einhverjum aðgerðum, sem hluta af stærri framkvæmd. Umhverfisstofnun fellst á að aðgerðir til að auka útblásturshraða verði skoðaðar samhliða umsókn og vinnu við gerð nýs starfsleyfis fyrir lok næsta árs.


Í ljósi þess að von er á nýjum mæliniðurstöðum fyrir lífrænt kolefni, og líklegt má teljast að átak í flokkun sorps sem átti sér stað í Skaftárhreppi sl. sumar hafi haft einhver áhrif til lækkunar á lífrænu kolefni í útblæstri stöðvarinnar hefur Umhverfisstofnun ákveðið að fresta álagningu dagsekta til 15. desember nk.

Hafi mæliniðurstöðum á útblástursgildi lífræns kolefnis (TOC) ekki verið skilað inn fyrir 15. desember 2011 eða sýni þær gildi yfir leyfilegum losunarmörkum, sbr. ákv. 4.2 í starfsleyfi stöðvarinnar munu dagsektir að upphæð að kr. 25.000 á dag frá og með 15. desember 2011 til 15. febrúar 2011 en þá mun upphæð dagsekta hækka í kr. 50.000 til 15. júní 2012.

Umhverfisstofnun veitir hér með Skaftárhreppi frest til 15. desember 2011 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1994.

Virðingarfyllt


Sigrún Agúsdóttir
sviðsstjóri


Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands

